**H.Meyland-Smith A/S**

Eirberg



Notkunarleiðbeiningar fyrir

# Miniwalk®

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • Sími 569 3100 • Fax 569 3101 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is

**Inngangur**

Í þessum notkunarleiðbeiningum eru upplýsingar um hvernig setja á MINIWALK® göngugrindina saman og stilla hana. Hvernig halda á henni við, hvað ber að varast og önnur mikilvæg atriði.
MINIWALK® stærð 1 og 2 eru göngugrindur sem hæfa börnum frá u.þ.b. 1 ½ árs aldri til u.þ.b. 7 ára aldurs ( hæð fra 65 sm til 125 sm ) sem þurfa örugga göngugrind sem hægt er að stilla námkvæmlega fyrir hvern og einn.

Bolstuðningurinn og afturendastuðningurinn eru opnaðir með einföldu handtaki þannig að auðvelt er að komast í grindina og úr henni. MINIWALK® göngugrindin er með stórum hjólum og þess vegna hentar hún jafn vel utan húss sem innan
Mynd 1 sýnir nöfnin á ýmsum hlutum göngugrindarinnar sem nefndir eru í textanum.



Mynd1

**Áður en göngugrindin er notuð í fyrsta skipti.**

MINIWALK® göngugrindin er afhent samsett að mestu.
Gættu að hvort í pakkanum eru eftirfarandi hlutir:
- Neðri hluti grindar með hjólum og bremsum o.s.frv.
- Efri hluti grindar með sæti og bolstuðningi o.s.frv.

Gætið að því að 5 mm sexkant lykill fylgi MINIWALK® grindinni. Hann er undir sætinu (sjá mynd 2).


Mynd 2

**Að setja saman efri og neðri hluta**



Mynd 3

Fyrst þarf að ganga úr skugga um að gormur sé í báðum rörum neðri hlutans, Þá er efri hutanum komið fyrir í neðri rörunum tveimur (sjá mynd 3). Að síðustu er hallastöngin skrúfuð á hjarirnar ofan á gúmmíhlífunum (sjá mynd 4).



Mynd 4

## Að stilla venjulega MINIWALK® göngugrind

**Hæð á bolstuðningi og sæti:** Takið eftir því, að sætishæð breytist um leið og hæð bolstuðnings er breytt. Sætishæðin og bolstuðningshæðin eru stilltar með því að miða við mælistikurnar á hliðarrörunum. Hæð bolstuðningsins er stillt með því að losa neðri spennugripin (sjá mynd 5). Þá losna efri rörin og hægt er að draga þau upp eða þrýsta þeim niður í neðri rörin. Þegar búið er að finna réttu hæðina og aðgæta á mælistikunum að sama hæð sé báðum megin eru spennugripin hert aftur.

**Aðvörun:** Neðst á rörunum með mælistikunum er gult viðvörunarmerki (sjá mynd 6. Merkið sýnir mestu leyfilega hæð, þ.e. aðeins efsti hluti viðvörunarmerkisins má sjást. Það má ekki fara ofar, öryggisins vegna.



Mynd 5

Sætishæðin er stillt á sama máta með því að losa efri spennugripin (sjá mynd 5). þannig er hægt að lyfta sætisrörinu upp og niður eftir efri rörunum. Þegar réttri hæð er náð spennir þú gripin aftur föst og gætir að á mælistikunum að hæðin sé eins báðum megin.

**Að skipta um fjaðrir:**
Það er hægt að skipta um fjaðrirnar tvær sem eru innan í neðri rörunum og fá þannig mýkri eða stífari fjöðrun. Sem viðmiðun ætti þungi notandans að geta sett fjöðrunina í botn. Það eru til þrenns komar mismunandi stífar fjaðrir, fyrir mismunandi lágmarksþyngd:




Mynd 6

Grænar fjaðrir fyrir a.m.k. 10 kg þyngd.
Silfurlitar fjaðrir fyrir a.m.k. 15 kg þyngd.
Svartar fjaðrir fyrir a.m.k. 20 kg þyngd.

Til þess að skipta um fjaðrir þarft þú að skrúfa hallastöngina af ,báðum megin (mynd 7). Hallastöngin er fjarlægð og efri hluti göngugrindarinnar er tekinn af neðri hlutanum (sjá mynd 8). Neðri hlutinn er þá settur á hvolf til að gormarnir detti úr ( sjá mynd 9). Nýju gromunum er komið fyrir í miðju innraröri í botni neðri hluta grindarinnar. Að lokum er efri hluti göngugrindarinnar settur á sinn stað og hallastöngin skrúfuð á aftur.

**Sætisstelling og sætishalli.**
Það má færa sætið framar eða aftar með því að losa innansexkantskrúfuna undir sætinu (sjá mynd 10) og skrúfa hana síðan fasta þegar réttri stellingu er náð.Það má einnig stilla halla sætisins með því að losa rærnar tvær undir festingu sætisins (sjá mynd 10). Þú þarft 10 mm lykil til þess. Síðan skrúfarðu rærnar fastar aftur þegar réttum halla er náð.



Mynd 7



Mynd 8



Mynd 9



Mynd 10

**Afturhlutastuðningur**
Afturhlutastuðninginn fyrir aftan sætið má færa fram og aftur. Afturhlutastuðningurinn er togaður upp og frá og þá kemur í ljós sexkantskrúfa innan í U laga járni. Með því að losa sexkantskrúfuna er hægt að færa stuðninginn fram eða aftur ( sjá mynd 11). Síðan er sexkantskrúfan fest aftur.


Mynd 11

**Handfang.**
Handfangið er fest beggja vegna í rörhlutum sem staðsettir eru á keilum. Keilunum er haldið föstum með sexkantskrúfum og þegar þær eru losaðar er hægt að snúa handfanginu um keilurnar (sjá mynd 12). Það er einnig hægt að renna handfanginu fram eða aftur í rörhlutanum með því að losa sexskantskrúfurnar tvær á hliðum handfangsins. (sjá mynd 12). Þegar réttri stellingu er náð eru sexkantskrúfurnar festar aftur.


Mynd 12

**Bremsur.**
Notkun bremsanna.
Bremsurnar eru stöðubremsur og festa afturhjólin með bremsuklossa sem þrýstist að dekkinu. Til að bremsa göngugrindina dregur þú bremsurnar alla leið aftur (sjá mynd 13). Í þessari stellingu læsast bremsurnar af sjálfu sér. Þú tekur úr bremsu með því að ýta bremsunum fram á við. Athugið: Ekki er hægt að stilla bremsurnar.


Mynd 13

## Varúðarráðstafanir.

**Viðvörun:**
Vegna fjöðrunar Miniwalk® göngugrindarinnar er hætta á að mjög eirðarlaus einstaklingur geti velt henni. **Skildu aldrei notanda Miniwalk® göngugrindar eftir einan.**

**Viðvörun:**
Ef þú fjarlægir hluta grindarinnar koma opnir rörendar í ljós. Þar kunna að vera beittir hlutir sem geta sært fingur. Miniwalk® er hönnuð með það í huga að komast hjá opnum rörendum! Ef svo vill til að rörendi standi opinn ,er mælt með að loka honum með plasttappa.

**Takmörk:**
Hámarks þungi notanda er 40 kg.
Göngugrindina á aðeins að nota á sléttu,láréttu og jöfnu undirlagi.

## Viðhald:
Göngugrindina má þvo með volgu vatni og venjulegum hreinsilegi. Varastu að bleyta bólstrunina á grindinni.

Við endurtekna notkun á hreinsilegi má búast við að yfirborð grindarinnar verði matt. Þá má bóna hana með bílabóni. Fylgið reglunum á bóninu.

**Að herða grindina upp.**
Gættu reglulega að því að allar skrúfur ,boltar og grip séu vel hert.

**Að smyrja fjaðrir:**
Ef þú heyrir braka í fjöðrum Miniwalk® grindarinnar er hægt að smyrja þær frá neðri enda röranna. Þú hvolfir grindinni og smá olíudropa er dreypt í götin næst miðjunni. Láttu göngugrindina vera kyrra á hvolfi í nokkrar mínútur til að olían nái að dreifa sér. Þá er göngugrindin sett á réttan kjöl aftur og dagblað sett undir til að olía leki ekki á gólfið.



## Tæknilegar staðreyndir:

| **Stærðir:** | **Stærð 1** | **Stærð 2** |
|---|---|---|
| Lengd | 74 sm | 74 sm |
| Breidd að utan | 65 sm | 65 sm |
| Breidd að innan | 39 sm | 39 sm |
| Sætishæð | 28-48sm | 28-63 sm |
| Bolstuðningshæð | 55-75 sm | 70-90 sm |
| Bolstuðninsmöguleikar (brjóstmál) | 70 sm,90 sm | 70 sm,90 sm |

**Þyngd:**

| | | |
|---|---|---|
| Miniwalk® grunn tegund | 15 kg | 15 kg |

**Efni:**

| | |
|---|---|
| Rammi: | Húðuð stálrör |
| Festingar: | Rafhúðað stál |
| Sætisáklæði: | Gervileður |

**Annað:**

| | |
|---|---|
| Hjól: | Mjúk gúmmíhjól með sjálfsmyrjandi legum,án slöngu,á felgu úr gerviefni |
| Litir: | Grænblátt, RAL 5021/Rautt, RAL 3002. |

**CE merkingar:**

Miniwalk® göngugrindin er CE merkt. Það vottar að Miniwalk® göngugrindin uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til lækningatækja samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins 93/42/EEC.

CE


Seljandi: Eirberg ehf
Stórhöfða 25
110 Reykjavík

Sími 569 3100
Fax 569 3101
Netfang eirberg@eirberg .is
Veffang www.eirberg.is